

ALLT AÐ 6.000 TONNA LAXELDI Í SJÓKVÍUM Í REYÐARFIRÐI, FJARÐABYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð 6.000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum Laxar fiskeldis ehf. í Reyðarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif af fyrirhuguðu fiskeldi Laxar fiskeldis ehf. á umhverfi Reyðarfjarðar felist í auknu framboði næringarefna og áhrifum þess á vistkerfi fjarðarins. Áhrifin munu fyrst og fremst verða á vistkerfi sjávarbotnsins, sem verði staðbundin og afturkræf.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Tekið er undir ábendingu Fornleifaverndar ríkisins um að æskilegt sé að upplýsinga verði aflað um mögulegar fornleifar á sjávarbotni á eldissvæðum, t.d. með sönarmælingum úr báti. Skipulagsstofnun bendir á að mannvirki innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru, sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina, eru bundin ákvæðum skipulagslaga. Þá bendir Skipulagsstofnun á að samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 (7. mgr. 13. gr) þarf að leita umsagnar sveitarfélags þegar veita á leyfi til framkvæmda á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum.

Skipulagsstofnun veur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Laxar fiskeldis ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæða, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta málsmeðferð skv. 6. gr. laganna

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Laxar fiskeldi ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. júlí 2011.

INNGANGUR

Þann 12. apríl 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá félaginu Laxar fiskeldi ehf. um fyrirhugað eldið á 6.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Reyðarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 4. maí 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 26. apríl 2011 og 18. maí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 9. maí 2011 og 17. maí 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 6. maí 2011, Matvælastofnun með bréfi dags. 26. apríl 2011, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 26. apríl 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. maí 2011.

Svör Laxar fiskeldis ehf. við umsögnum bárust með bréfum dags. 9. maí 2011, 11. maí 2011 og 24. maí 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í tilkynningu Laxar fiskeldis ehf. kemur fram að fyrirtækið fyrirhugi að setja á stofn 6.000 tonna laxeldi í sjókvíum í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Eldið verði rekið á þremur eldissvæðum í firðinum (við Bjarg, Gripöldu og Sigmundarhús), þau sömu og Samherji hf. hafði áform um að nota á sínum tíma. Fjarlægð á milli eldissvæða verði minnst 3 kílómetrar og mest 5 kílómetrar. Eldislota á hverju svæði verði um tvö ár og á hverjum tíma verði eldi starfrækt á tveimur svæðum (sitt hvor kynslóðin á hvoru svæði) en þriðja eldissvæðið hvílt í eitt ár. Gert sé ráð fyrir að það taki seiði 22-24 mánuði að ná sláturstærð og daglega verði um 24 tonnum af laxi slátrað í aðstöðu félagsins í landi.

Fram kemur að til að framleiða 6.000 tonn af laxi árlega þurfi 7.200 tonn af fóðri, sem gefi 504 tonn af köfnunarefni (7%) og 72 tonn af fosfór (1%). Um 200 tonn af köfnunarefni og 30 tonn af fosfór muni fara í að byggja upp lífmassa eldisstöðvarinnar, en út í umhverfið fari um 300 tonn af köfnunarefni og 40 tonn af fosfór á hverju ári. Gert sé ráð fyrir að hámarkslífmassi í kví geti orðið allt að 750 tonn, miðað við að sláturfiskar verði um 150.000 talsins og meðalþyngd þeirra 5 kg. Gert sé ráð fyrir að þéttleiki í kví verði aldrei meiri en 25 kg/m³ og lífmassi í hverri kvíþyrpingu fari aldrei yfir 5.000 tonn.

Fram kemur að fiskeldið verði byggt upp á nokkrum árum og miðað sé við að starfsemi verði komin í fulla nýtingu árið 2018.

Áhrif af uppsöfnun næringarefna og burðargeta. Fram kemur að Reyðarfjörður liggi að opnu hafi og á botni hans sé enginn þröskuldur og umskipti sjávar í firðinum því óheft. Þar sem þannig hátti til séu bestu skilyrði fyrir fiskeldi í sjó. Sjókvíar í Reyðarfirði verði á stöðum þar sem dýpi sé 40-60 m og þynning næringarefna frá fiskeldi verði hröð og áhrif vegna losunar næringarefna verði mjög staðbundin. Til samanburðar er bent á að íslensk yfirvöld stefni að því að leggja fráveitulagnir út á a.m.k. 5 metra dýpi til að tryggja fullnægjandi þynningu skólps frá þéttbýli.

Fram kemur að mælingar á seltu sjávar á vegum Reyðarlax (Reyðarlax. Allt að 6000 tonna laxeldisstöð í Reyðarfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Samherji hf., júlí 2002) hafi leitt í ljós að selta við yfirborð hafi verið á bilinu 33,6 til 33,9 en 34,5 í neðri lögum sjávar og í nóvember hafi selta reynst vera eins frá yfirborði til botns, um 34,5. Straumhraði í yfirborði hafi verið miðlungsgóður til góður, en dreifistraumur og botnstraumur verið miðlungsgóðir/tempraðir.

Botnsýni sem rannsökuð voru á vegum Reyðarlax hafi gefið til kynna að lífrænt efni safnist ekki fyrir í botnseti og sjávarbotn í Reyðarfirði flokkist sem mjög góður fyrir fiskeldi. Reyðarlax hafi áætlað að áhrifasvæði fóðurleyfa og úrgangs við Bjarg og Sigmundarhús (dýpi 70 m) verði um 30 m frá kvíakanti (nærsvæði), áhrif fíngerðari úrgangs nái þaðan í 100 -150 m (miðsvæði) og fjarsvæði þynningar þar fyrir utan. Við Gripöldu (dýpi 50 m) muni nærsvæðið verða u.þ.b. 15 m út frá kvíakanti til suð-austurs, en miðsvæðið allt að 150 m til suð-austurs og fjarsvæðið enn fjær. Af þessu megi ráða að starfsemi á borð við fiskeldi hafi engin áhrif á botndýralíf þegar komið er út fyrir athafnarsvæði starfseminnar. Þá er vísað til niðurstaðna rannsókna á botndýralífi í Berufirði sem gefi til kynna að ekki hafi orðið óafturkræfar breytingar á botni fjarðarins þó þar hafi verið stundað samfellt lax- og þorskeldi á sama stað í fimm ára (2.000 til 2.700 tonn). Áhrif á botndýralíf hafi komið fram á óverulegum hluta fjarðarbotnsins og því hafi lífríki Berufjarðar ekki stafað hætta af þeirri starfsemi.

Fram kemur að næringarefni frá fyrirhuguðu fiskeldi muni ekki hafa áhrif á fjörur Reyðarfjarðar, en næringarefni muni falla til botns undir sjókvíum og dreifast síðan með straumum. Samkvæmt matsskýrslu Reyðarlax geti Reyðarfjörður borið um 7.000 tonna fiskeldi á ári (LENKA viðtakamat) að teknu tilliti til annarrar mengandi starfsemi í firðinum. Viðbót næringarefna í sjó vegna 6.000 tonna laxeldis verði aldrei meiri en 10% umfram það sem heildarstyrkur næringarefna sé í ómengduðum sjó í Reyðarfirði. Ótíð fóður og saur frá eldisfiski muni falla til botns og safnast fyrir undir hverri kvíapýrpingu og á nærliggjandi svæði þeirra. Þar verði áhrifin talsverð, en fjær kvíunum verði áhrifin lítil eða óveruleg. Fram kemur að Reyðarlax hafi metið svo að með því að hvíla eldissvæði í ár að lokinni tveggja ára eldislotu muni sjávarbotn jafna sig að mestu hvað varðar kolefni og köfnunarefni og eldissvæði þurfi tvö ár til að jafna sig vegna uppsöfnunar fosfórs, en sterkir og tímabundnir straumar við botn gætu hraðað verulega niðurbroti og hreinsun svæðanna. Endurnýjunartími sjávar í Reyðarfirði hafi verið metinn 4-5 vikur, en 8-9 dagar í innri hluta fjarðarins.

Fram kemur að Laxar fiskeldi ehf. geri ráð fyrir að vegna framleiðslu á 6.000 tonnum af laxi falli til botns 302 tonn af köfnunarefni og 43 tonn af fosfór á hverju ári og úrgangur frá svo litlum lífmassa og lítil fóðurnotkun muni ekki hafa áhrif á magn súrefnis sjávar í næsta nágrenni eldissvæða. Tryggja eigi að ekki skapist óheppilegar umhverfisaðstæður sem skaði eldisfisk og meðal annars verði fagfólk fengið til að fylgjast með uppsöfnun úrgangsefna á sjávarbotni við eldiskvíar. Sjókvíar Laxar fiskeldis ehf. verði fluttar til innan eldissvæða til að draga úr áhrifum uppsöfnunar fóðurleifa á hafsbotni og einnig verði svæði hvíld. Fram kemur að dauðum fiski verði safnað og hann grafinn í samráði við Umhverfisstofnun á löglegum förgunarstað. Í ljósi niðurstaðna rannsókna um óverulegar, staðbundnar og afturkræfar breytingar á botni eldissvæða og vatnsskipta á opnum hafsvæðum telur Laxar fiskeldi ehf. ekkert því til fyrirstöðu að leyfa 6.000 tonna fiskeldi í Reyðarfirði.

Áhrif á villta fiskistofn og fisksjúkdóma Fram kemur að gönguleiðir villtra laxfiska séu fjarri fyrirhuguðu fiskeldi í Reyðarfirði. Þá séu fyrirhuguð eldissvæði sunnan við Font á Glettinganesi og utan við friðunarsvæði þar sem eldi frjórri laxa í sjókvíum sé óheimil (samanber auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins nr. 226/2001) og því engar takmarkanir á eldi laxfiska í Reyðarfirði.

Fram kemur að Laxar fiskeldi ehf. muni nota kynbættan íslenskan eldislax af norskum uppruna, sem líklegt sé að leiti í nálægar ár til að hrygna fari svo að lax sleppi úr eldinu. Engar laxveiðar séu í Reyðarfirði og engin á með 100 laxa meðalveiði sé í innan við 5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu eldi (samanber gr. 4.2 í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og blöndun laxastofna). Bent er á að ekki hafi komið fram erfðablöndun í náttúrulegum laxastofnum í Elliðaám þrátt fyrir að mikið af

eldislaxi og hafbeitarlaxi hafi gengið upp árnar í lok níunda og fram eftir tíunda áratug síðustu aldar. Norskar rannsóknir bendi til að eldislax sem sleppi úr kvíum, hverfi af svæðinu eftir ákveðin tíma og þegar sjávardvöl ljúki leiti hann aðallega á eldisvæði á ný. Endurheimtur séu mismunandi og mestar í þeim tilfellum þar sem fiskur hafi sloppið úr eldi sem gönguseiði. Bent er á að hjá laxeldi Samherja í Mjóafirði hafi 0,06% laxa sloppið úr eldi, en enginn eldisfiskur hafi sloppið úr laxeldi í Berufirði sem þar hafi verið stundað í rúm fimm ár, enda hafi eftirlit með kvíum verið mikið og kvíabúnaður rammgerður og í hæsta gæðaflokki. Laxar fiskeldi ehf. muni nota eldiskvíar af fullkomnustu gerð.

Fram kemur að hljóðgjafi verði notaður til þess að fæla frá seli og hverfandi líkur verði á því að villt dýr valdi skaða á eldisnótum. Þekkt sé að lagnaðarís myndist í Reyðarfirði og hafís hafi gert vart við sig í Reyðarfirði á nokkurra áratuga fresti, en koma hans hafi langan fyrirvara. Ekkert tjón hafi orðið af völdum lagnaðaríss við fiskeldi í Berufirði, enda risti rör eldiskvía djúpt og brjóti rekís sem fljóti síðan meðfram kvíum og út af eldisvæðinu. Ekki hafi orðið tjón á mannvirkjum af völdum hafíss á Reyðarfjarði. Ef hafís reki inn fjörðinn muni Laxar fiskeldi ehf. grípa til ráðstafana í samráði við viðeigandi yfirvöld. Þá kemur fram að eldisbúnaður sem nota eigi sé hannaður fyrir meiri veðurhæð en þekktist í Reyðarfirði. Loks kemur fram að ef hætta skapist vegna þess að marglytta ánetjist kvíanet verði kvíaþyrpingar skermaðar af með síldarreketum sem fest verða við botn.

Fram kemur að eldisfiskur verði bólusóttur gegn kýlaveiki, kýlaveikibróðir, vetrarsára og vibrio, en hugsanlegt sé að í eldinu komi upp nýrnaveiki (BKD), sveppasýking og laxalús. Bæði nýrnaveiki og sveppasýkingar smitist helst í ferskvatni og ekki hafi komið upp laxalús á meðan laxeldi var stundað í Berufirði eða Mjóafirði. Laxar fiskeldi ehf. muni ekki nota efni til þess að halda niðri vexti lífvera á nótum kvíanna.

Áhrif á lífríki sjávar og náttúruafar. Fram kemur að engar náttúruminjar séu á svæðinu þar sem eldið mun verða starfrækt. Lífverur í fjörum í Reyðarfirði sé algengt að finna í fjörum annars staðar á Austfjörðum og þar hafi ekki fundist sjaldgæfar tegundir. Í Reyðarfirði sé fiskgengd ekki meiri en gerist í nálægum fjörðum og fisktegundir í firðinum séu algengar annars staðar við landið. Fram kemur að til að fæla frá seli verði notuð „selafæla“ sem sendi frá sér hátíðnihljóð, en það muni ekki valda fuglum og sjávardýrum skaða.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að í Reyðarfirði séu stundaðar veiðar með handfæri, línu, net og dragnót, aðallega á þorski, ýsu og kola. Lítið hafi verið um síldveiðar í Reyðarfirði á undanförunum árum. Í firðinum séu ekki mikilvæg fiskimið, a.m.k. hvað varðar arðbærar veiðar á stórum bátum. Fram kemur að kræklingarækt sé við Rákarbót í Reyðarfirði og Baulhúsavík í Eskifirði og að sú starfsemi muni líklega ekki hafa áhrif á fyrirhugað laxeldi Laxar fiskeldi ehf.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að ekki sé vitað til að fornleifar séu í Reyðarfirði.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007–2027 sé mælt með því að gert verði ráð fyrir vexti í fiskeldi í sveitarfélaginu.

Laxar fiskeldi ehf. telur að fyrirhugað fiskeldi félagsins muni hafa takmörkuð óveruleg neikvæð áhrif utan kvíaþyrpingu og þau verði afturkræf.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fjarðabyggð, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Matvælastofnun, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að fyrirhugað sjókvíaeldi Laxar fiskeldis ehf. í Reyðarfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa telur að fyrirhugað fiskeldi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun er ósammála því að ekkert hafi breyst í náttúru Reyðarfjarðar, eða nærumhverfi hans, frá því að mat á umhverfisáhrifum fiskeldis Reyðarlax var gert árið 2002. Bendir stofnunin á að starfsemi álvers Alcoa hafi byrjað eftir að matsskýrsla Reyðarlax birtist, því sé ekki hægt að útiloka að mengun frá starfseminni berist með sjávarstraumum út fjörðinn að sunnanverðu og að sjókvíum við Gripöldu. Þá bendir Umhverfisstofnun á að ekki sé ljóst hvar úrgangur frá eldinum, m.a. dauður fiskur, verði urðaður og að gera þurfi ráðstafanir í þeim efnum áður er eldi hefjist.

Áhrif af uppsöfnun næringarefna og burðargeta. Hafrannsóknastofnunin bendir á að í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna sjókvíaeldis Reyðarlax frá 2002 hafi meðal annars verið aflað upplýsinga um straumum, hita, seltu og súrefni sjávar á fyrirhuguðum eldissvæðum í Reyðarfirði, sem séu þau sömu og Laxar fiskeldi ehf. hyggist nota. Auk þess liggja fyrir niðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar á straumum, hita og seltu sjávar í Reyðarfirði auk rannsókna á næringarefnum, svifþörungum, átu og botndýrum í firðinum. Ljóst sé að í firðinum sé stöðug hringrás sjávar, endurnýjunartími sjávar í firðinum sé 4-5 vikur og verulega minni þegar norðaustlægir vindar blási utan við fjörðinn. Miðað við fyrirhugað umfang eldisins séu litlar líkur til þess að ofauðgun næringarefna verði í vatnsmassa fjarðarins. Ætla verði að sjávarstraumar séu nægilegir til að tryggja nóg súrefni fyrir fisk í kvíum og til dreifingar á úrgangsefnum frá eldinu.

Umhverfisstofnun tekur undir að vegna góðra vatnsskipta og mikils dýpis henti ytri hluti Reyðarfjarðar vel til fiskeldis, en telur þó að fyrirhuguð eldissvæði norðan megin í firðinum (Bjarg og Sigmundarhús) henti betur fyrir fiskeldi en Gripaldi sunnan megin, með hliðsjón af aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) þar sem miðað sé við að straumur sé að minnsta kosti 5 cm/s.

Áhrif af uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni. Hafrannsóknastofnun telur að þó LENKA viðtakamat bendi til þess að Reyðarfjörður beri 6.000 tonna fiskeldi séu líkur á að vistkerfi fjarðarins ráði ekki við að brjóta niður jafnóðum þær fóðurleifar sem safnast muni á hafsbötn undir eldiskvíum, líkur séu á að þar muni botndýr drepast vegna súrefnisskorts og kjöraðstæður myndist fyrir vöxt súlfatafoxandi örvera. Með því að hvíla hvert eldissvæði í ár á nokkurra ára fresti telur stofnunin að talsvert dragi úr neikvæðum áhrifum á botndýralíf á svæðunum. Áður en ný eldislota hefjist telur Hafrannsóknastofnunin æskilegt að séð verði til þess að skilyrði á botni undir kvíum verði orðin lík því sem var áður en eldi hófst. Til þess þurfi að vakta hafsbötn á eldissvæðum og telur stofnunin að í upphafi eldisins ætti að liggja fyrir áætlun um slíka vöktun.

Umhverfisstofnun telur að með því að nota bestu tækni, skiptiældi og umhverfisvænar aðferðir við hreinsum ásæta af nótum og kvíum, megi draga úr líkum á langtímaáhrifum fyrirhugaðs eldis á umhverfið. Búast megi við tímabundnum talsvert neikvæðum en afturkræfum áhrifum innan þynningarsvæðis frá eldiskvíum og hvíld eldissvæða stuðli að því að samfélög botnlífvera jafni sig á milli eldislota. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi séu gerðar kröfur um ýtarlega og reglubundna vöktun á ástand hafsbotns og lífríki hans á eldissvæðum og í grennd við þau. Stofnunin telur brýnt að ástand hafsbotns og botndýralífs á eldissvæðum verði kannað áður en fyrirhugað fiskeldi hefjist og niðurstöður rannsókna notaðar sem bakgrunnsupplýsingar til að meta áhrif fiskeldisins á botninn og lífríki hans.

Áhrif á villta fiskistofn. Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á að þó litlar líkur séu á að lax sem sleppi úr kvíum geti blandast villtum laxi á nálægum slóðum eigi Laxar fiskeldi ehf. að búa þannig um hnútana að eldislax sleppi ekki úr kvíum.

Fiskistofa bendir á að frá því að Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs fiskeldis Reyðarlax árið 2002, hafi margar erlendar rannsóknir verið gerðar á áhrifum strokufiska úr sjókvíaeldi á villta laxastofna (t.d. safn vísindaritgerða í einu hefti ICES Journal of Marine Science árið 2006 og norsk fiskeldistúmarit). Í Noregi sleppi um það bil einn lax fyrir hvert tonn sem framleitt sé af laxi. Afdrif sleppifisks séu breytileg eftir því hvenær árs sleppingin eigi sér stað. Einnig hafi fengist reynsla vegna slysasleppingar í tengslum við laxeldi í sjó, þegar um 3.000 laxar sluppu úr geymslukví við sláturhús Samherja hf. á Norðfirði árið 2003. Þrír af þeim löxum (örmerktir) hafi fundist í veiðám í Breiðdal og Vopnafirði og með hreisturskoðun hafi fengist vísbendingar um aðra sex eldisfiska í nærliggjandi ám. Þetta staðfesti að lax sem alinn hafi verið í sjókvíum í Mjóafirði hafi gengið upp í veiðár, sunnan og norðan við sleppistað. Fiskur sem gekk til norðurs hafi ekki fylgt ríkjandi hafstraumum, sem falli til suðurs með Austfjörðum. Fiskistofa telur að uppfæra þurfi fyrra mat á umhverfisáhrifum vegna fiskeldis í Reyðarfirði, með tilliti til nýrra upplýsinga sem tengjast slysasleppingum og hugsanlegu flakki eldislaxa og áhrifum þeirra á nærliggjandi laxveiðár. Því skuli fyrirhugað sjókvíaeldi Laxar fiskeldis ehf. vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari Laxar fiskeldis ehf. kemur fram að aðili á vegum félagsins sem hafi tveggja áratuga reynslu (praktíska og fræðilega) af fiskeldi í Noregi, á Írlandi og Íslandi kannist ekki við að umræða um slysasleppingar hafi breyst síðustu tíu ár. Bent er á að fiskeldi í Noregi starfi undir ströngu eftirliti og vöktun og norsk yfirvöld hafi ekki breytt afstöðu sinni til sjókvíaeldis á laxi frá því sem áður var. Ekki hafi verið dregið úr framleiðslu á eldislaxi í Noregi. Þvert á móti hafi hún aukist úr 400.000 tonnum árið 2002 í ríflega 900.000 tonn nú. Laxar fiskeldi ehf. hafi kynnt sér þær vísindagreinar sem Fiskistofa tilgreini, en telur að þar komi ekki fram ný þekking vegna hugsanlegrar blöndunar erfðaefnis milli villtra laxastofna og eldislax sem hefði áhrif á framtíð sjókvíaeldis. Bent er á að Fiskistofa geri ekki grein fyrir í hverju nýjar fræðilegar upplýsingar séu fólgnar og hvaða þýðingu þær ættu að hafa fyrir sjókvíaeldi. Þá er bent á að Fiskistofa hafi ekki vakið athygli á niðurstöðum nýlegrar íslenskrar rannsóknar á erfðaeefni villtra laxastofna í Elliðaám, en þar hafi ekki greinst innblöndun við eldislax þrátt fyrir að eldislax og hafbeitarlax hafi gengið upp í árnar í lok níunda og fram eftir tíunda áratug síðustu aldar. Ekkert hafi breyst í náttúru og umhverfi Reyðarfjarðar frá því að Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis þar og ekki verði fallist á mat Fiskistofu um að fyrirhugað sjókvíaeldi Laxar fiskeldis ehf. skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari umsögn Fiskistofu kemur fram að í Noregi hafi laxeldi verið nýtt til að efla atvinnu og styrkja byggðir í landinu. Krafa um aukið laxeldi hafi því verið sterk og þeir sem fari með málefni náttúrulegra laxastofna hafi ekki fengið í gegn að firðir verði friðaðir gagnvart laxeldi, þótt áhrif þess á villta stofna hafi verið sýnileg (t.d. í fjölda eldislaxa í norskum laxveiðiám). Erfitt sé að sýna fram á að erfðablöndun valdi varanlegum skaða á villtum laxastofnum en margir vísindamenn telji að fylgja eigi ákveðinni varúðarreglu. Það sé ekki hlutverk Fiskistofu að taka saman nýjar upplýsingar um áhrif eldislax á villta laxastofna heldur hlutlausra sérfræðinga. Þá bendir Fiskistofa á að í kjölfar slysasleppingar sláturfisks í Norðfirði hafi net verið notuð til þess að veiða sleppifisk og einungis innan við 1% af eldislöxunum hafi verið örmerktir. Í ljósi aðgerða til að fanga strokufisk og lágs hlutfalls örmerktra laxa þá séu þrjár endurheimtur í laxveiðiám verulega miklar. Varðandi rannsókn á erfðaeefni laxa í Elliðaám bendir Fiskistofa á að eldislax sem nýttur var í nágrenni Reykjavíkur upp úr 1988 og fram eftir tíunda áratugnum hafi verið af náttúrulegum íslenskum stofni, sem ekki hafi gengið í gegnum val eða kynbætur. Hins vegar sé nú notaður kynbættur laxastofn af norskum uppruna, erfðaeefni hans sé frábrugðið erfðaeefni villtra íslenskra stofna og blöndun hans við villta stofna því önnur en sú sem átti sér stað í Elliðaám. Bent er á að áætlanir um

6.000 tonna framleiðslu verði sexföld árleg framleiðsla á laxi hér á landi. Nauðsynlegt sé að meta raunhæft umhverfisáhrif stórtækrar laxaframleiðslu á náttúrulega laxastofna.

Í frekara svari Laxar fiskeldis ehf. er ítrekað að á undanförunum árum hafi ekki komið fram ný þekking sem breyti fyrirkomulagi sjókvíaeldis. Þar sem umsögn Fiskistofu um að fiskeldi félagsins skuli háð mati á umhverfisáhrifum sé íþyngjandi ætti stofnunin að tilgreina þær upplýsingar sem hún grundvalli umsögn sína á. Misskilningur sé að vöxtur sjókvíaeldis við strendur Noregs helgist af byggðasjónarmiðum heldur er laxeldi ábatasöm atvinnugrein, sem skapi mörg störf og gríðarlegar gjaldeyrstekjur fyrir norskt samfélag. Laxeldi sé þekkingariðnaður sem háð sé mikilli vöktun og ströngu eftirliti í Noregi og yfirvöld þar myndu draga úr eldi væri ástæða til. Bent er á að Breiðdalsá, þar sem örmerktir laxar endurheimtust í kjölfar óhapps í Norðfirði, sé sunnan við það svæði þar sem bannað er að ala lax á Austfjörðum. Í ánni sé ræktaður fiskur og hún teljist ekki náttúruleg laxveiðiá. Þá sé langsótt að miða umfang fyrirhugaðs fiskeldis við framleiðslu ársins 2010 þegar laxaframleiðsla hafi verið í sögulegu lágmarki. Árið 2006 hafi landsframleiðslan verið 7.000 tonn, mest á Austfjörðum sunnan Forns. Umhverfisstofnun hafi gefið leyfi fyrir 6.000 tonna framleiðslu í Reyðarfirði í kjölfar mats á umhverfisáhrifum eldisins og í Berufirði og Mjóafirði hafi verið heimildir fyrir 8.000 tonna framleiðslu í hvorum firði eða alls 22.000 tonna ársframleiðslu á Austfjörðum. Miðað við árið 2002 sé hlutfall fyrirhugaðs laxeldis Laxar fiskeldis ehf. um 27%.

Áhrif á fisksjúkdóma. Matvælastofnun telur að mat á umhverfisáhrifum vegna sjókvíaeldis Reyðarlax frá 2002 hafi verið ítarlegt og vel unnið og vert sé að taka mið af því í tilfelli eldis Laxar fiskeldis ehf., enda ætli félagið að nýta sömu eldissvæði og Reyðarlax hafði gert ráð fyrir að nota. Frá því að matið var gert hafi forsendur út frá heilbrigðissjónarmiðum ekki breyst og umfang fyrirhugaðs eldis rúmist vel innan burðargetu Reyðarfjarðar. Ólíklegt sé að samlegðaráhrif eldissvæða í fullri starfsemi fari yfir þau mörk sem vistkerfi fjarðarins bjóði upp á með hliðsjón af smitsjúkdómum.

Áhrif á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki hafi verið kannað hvort fornleifar (t.d. skipsflök eða hlutar úr þeim) finnast á hafsbotni þar sem fiskeldi sé fyrirhugað í Reyðarfirði. Stofnunin telur að fyrirhugað fiskeldi muni ekki valda beinu raski á botni fjarðarins undir eldiskvíum, nema hugsanlega þar sem komið verði fyrir festingum á botni fyrir kvíar. Æskilegt sé að hafsbotn verði kannaður með hliðsjón af mögulegum fornleifum og niðurstöður kynntar Fornleifavernd ríkisins, til ákvörðunar um frekari rannsóknir ef þörf krefji. Jafnframt er áréttað að ef fornleifar finnast við framkvæmdir skuli stöðva framkvæmd uns fengin sé ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Laxar fiskeldi ehf. bendir á að samkvæmt matsskýrslu Reyðarlax á sínum tíma hafi hafsbotn á fyrirhuguðum kvíasvæðum verið rannsakaður með ýmsum hætti og telur að ekki ætti að vera þörf á frekari rannsóknum vegna fornleifa. Svæði undir eldiskvíum verði könnuð áður en kvíar verði settar niður. Komið verði í veg fyrir að varanleg setlög myndist á botni kvíasvæða með því að hafa hverja kví aðeins í um það bil tvö ár á hverjum stað og hvíla þau síðan.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að á sínum tíma hafi stofnunin ekki verið fengin til að gefa umsögn vegna mats á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis Reyðarlax. Í tilvitnun Laxar fiskeldis ehf. í matsskýrslu vegna framkvæmdanna komi ekki fram hvort kannað var um fornleifar á sjávarbotni. Við undirbúning framkvæmda verði að gera kröfu um að fornleifafræðingur kanni fyrirhugað framkvæmdasvæði á sama hátt og sérfræðingar kanni aðra umhverfisþætti í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Með því að staðsetja kvíar einungis í tvö ár samfelld á hverjum stað og síðan hvíla eldissvæði í ár, verði komið í veg fyrir

að setlög setjist varanlega á hafsbotn á kvíasvæðum og hylji fornleifar. Bent er á að ávallt sé ætlunin að kanna hafsbotn undir kvíum áður en þeim verði komið fyrir og ítrekar Fornleifavernd ríkisins að æskilegt sé að leitað verði fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áhrif á landnotkun. Fjarðabyggð segir meðal annars í umsögn að gert sé ráð fyrir möguleikum á fiskeldi í öllum fjörðum sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar. Fyrirhuguð starfsemi Laxar fiskeldis ehf. sé því í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Fram kemur að stefna sveitarfélagsins í flutningum geri ráð fyrir að Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði verði aðal flutningahöfn á Austurlandi og þar við og á Eskifirði verði megin olúbirgðastöðvar í Fjarðabyggð. Loks geri skipulagsstefnan ráð fyrir að skoðaðir verði kostir á að í Fjarðabyggð verði byggð alþjóðleg umskipunarhöfn. Þessi áform geti leitt til aukinnar umferðar flutningaskipa. Ekki verði fram hjá því litið, að önnur markmið aðalskipulagsins, þá einkum áform um umskipunarhöfn og olúbirgðastöð, geti skarast við hugmyndir um fiskeldi, þegar komi að útfærslu þeirra, meðal annars vegna staðsetningar eldiskvíá miðað við siglingaleiðir.

Fjarðabyggð segir það mikilvægt fyrir sveitarfélagið að Laxar fiskeldi ehf. byggji upp öfluga starfsemi í Fjarðabyggð, en jafnframt séu það skipulagslegir hagsmunir þess að starfsemi félagsins hindri ekki markmið Fjarðabyggðar um uppbyggingu umskipunarhafnar í Reyðarfirði. Eins og málið horfi nú við sveitarfélaginu séu staðsetningarkostir til uppbyggingar laxeldis í Fjarðabyggð fleiri en staðsetningarkostir til uppbyggingar á stórrí höfn og ef þessir kostir skarist, þá skuli höfn hafa forgang. Laxar fiskeldi ehf. sé ljóst að félagið beri alla áhættu og tjón, komi til þess að félagið hafi byggt upp starfsemi sem þurfi að víkja, verði umskipunarhöfn að veruleika. Þá kemur fram í umsögn Fjarðabyggðar að Laxar fiskeldi ehf. sé ljóst að líkur séu á að kvíaþyrping félagsins við Gripöldu kunni að skarast við fyrirhugaða uppbyggingu olúbirgðastöðvar í landi Eyrar í sunnanverðum Reyðarfirði. Sökum þess að óljóst sé hvort hafnsækin starfsemi verði að veruleika í Fjarðabyggð í náinni framtíð, telur sveitarfélagið eðlilegt að Laxar fiskeldi ehf. fái leyfi fyrir fyrirhugaðri starfsemi miðað við þá staði sem þegar hafi verið rannsakaðir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 6.000 tonna laxeldi í sjókvíum í Reyðarfirði á vegum Laxar fiskeldis ehf., sem byggja á upp á nokkrum árum og vera komið í fullan rekstur árið 2018. Eldið verður rekið á þremur eldissvæðum í firðinum, við Bjarg, Gripöldu og Sigmundarhús. Eldislota á hverju svæði verður um tvö ár og á hverjum tíma verður eldi starfrækt á tveimur svæðum (sitt hvor kynslóðin á hvoru svæði) en þriðja eldissvæðið hvílt í eitt ár. Gert er ráð fyrir að það taki allt að 24 mánuði að ala lax í sláturstærð. Árlega þarf til eldisins 7.200 tonn af fódri en af því fari út í umhverfið um 300 tonn af köfnunarefni og 40 tonn af fosfór. Gert er ráð fyrir að hámarkslífmassi í kví geti orðið allt að 750 tonn, þéttleiki í kví verði aldrei meiri en 25 kg/m³ og lífmassi í hverri kvíaþyrpingu fari aldrei yfir 5.000 tonn.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að árið 2002 voru umhverfisáhrif 6.000 tonna laxeldis í Reyðarfirði metin af Samherja hf. og í úrskurði Skipulagsstofnunar, dagsettur 23. október 2002, var fallist á þá framkvæmd. Laxar fiskeldi ehf. áformar að hefja 6.000 tonna fiskeldi í Reyðarfirði á sömu svæðum og áður nefnt mat á umhverfisáhrifum fjallaði um. Skipulagsstofnun telur að þó nú sé hafin starfsemi álvers í Reyðarfirði séu umhverfisaðstæður í firðinum í aðalatriðum þær sömu og voru á þeim tíma sem Samherji hf. vann mat á umhverfisáhrifum fiskeldis félagsins. Stofnunin telur að niðurstöður rannsókna í tengslum við matið séu því í fullu gildi.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að almennt kunnir helstu umhverfisáhrif af laxeldi Laxar fiskeldis ehf. að stafa af laxi (af norskum uppruna) sem sleppi úr kvíum og gangi í nærliggjandi veiðiár og blandist villtum laxi. Einnig kunnir uppsöfnun úrgangs að hafa neikvæð áhrif á lífríki hafsbots undir eldiskvíum. Fyrir liggur að Reyðarfjörður er talinn geta borið fiskeldi af þeirri stærðargráðu sem Laxar fiskeldi ehf. stefna að og dýralæknir fisksjúkdóma telur að eldið muni ekki skaða heilbrigði villtra fiskistofna í Reyðarfirði. Þá liggur fyrir að hafsbotn fyrirhugaðra eldissvæða hefur ekki verið kannaður með tilliti til fornleifa.

Skipulagsstofnun telur ekki hægt að horfa fram hjá því að örmerktir fiskar sem áttu uppruna sinn í sjókvíaeldi við Austurland hafa endurheimst í austfirskum veiðiám, þó óljóst sé hver afdrif þeirra hefðu orðið í ánni eða hvaða möguleikar voru á því að þeir spilltu erfðæfni villtra laxa í viðkomandi ám. Á undanförunum árum hafa verið settar skorður við sjókvíaeldi við landið, sem ætlað er að draga úr hættu á erfðablöndun milli eldislax og villtra laxastofna. Þessar kvaðir koma meðal annars fram í reglugerð nr. 105/2000 um fjarlægð sjókvíastöðva frá laxveiðiám og afmörkun friðunarsvæða í sjó við Ísland, þar sem eldi í sjókvíum er óheimil (auglýsingu nr. 226/2001 um friðunarsvæði þar sem eldi frjórna laxa [*Salmo salar*] í sjókvíum er óheimil). Skipulagsstofnun telur að samkvæmt viðmiðum í reglugerð nr. 105/2000 og fjarlægð Reyðarfjarðar frá friðunarsvæði fyrir sjókvíaeldi norðan Glettinganess, séu litlar líkur á að laxeldi Laxar fiskeldis ehf. kunnir að hafa umtalsverð áhrif á villta laxa í veiðiám á Austurlandi. Hins vegar telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í rekstrarleyfi verði tryggt að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar opnast af slysi og gerðar verði kröfur um góðan búnað, vandaðan frágang, eftirlit og reglubundið viðhald á eldisbúnaði. Þannig megi fyrirbyggja eins og kostur er að lax sleppi úr kvíum og draga úr mögulegri erfðamengun villtra laxastofna. Þá ítrekar Skipulagsstofnun ábendingar í fyrri ákvörðunum um matsskyldu laxeldis í sjókvíum að stofnunin telji mikilvægt að unnið sé að því að minnka óvissu um áhrif sleppilaxa á laxastofna í veiðiám landsins og að setja eigi skilyrði um örmerkingar á marktækum hluta seiða í sjókvíaeldi til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár. Samkvæmt álitum Veiðimálastofnunar, sem sent var Skipulagsstofnun 28. maí 2009 í tengslum við sjókvíaeldi í Dýrafirði, telur stofnunin viðunandi að 10 % af þeim laxi sem sleppt er í kvíar verði merktur með örmerkjum.

Fyrirhuguðu fiskeldi Laxar fiskeldis ehf. mun fylgja aukið álag á vistkerfi Reyðarfjarðar, einkum staðbundið álag á hafsbotni á þeim svæðum þar sem eldið fer fram og í nágrenni þeirra. Álagið felst í því að fódurleifar og úrgangur frá eldinu mun auka næringarefnainnihald í sjónum, sem getur leitt af sér aukinn vöxt svifþörungna og rotnandi úrgangur sem fellur til botns eykur hættu á að súrefni þverri við hafsbotn og líf þar eyðist. Samkvæmt gögnum Laxar fiskeldis ehf. verður 40-70 m dýpi undir eldiskvíum og áætlað sé að áhrifasvæði fódurleyfa og úrgangs verði 15-30 m frá kvíakanti (eftir dýpi), áhrif fíngerðari úrgangs nái þaðan í 100 -150 m og fjarsvæði þynningar þar fyrir utan. Þá gefa botnsýni til kynna að lífrænt efni safnist ekki fyrir á hafsbotni á eldissvæðum. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð áhrif fyrirhugaðs laxeldis á botndýralíf verði staðbundin en ekki umtalsverð. Stofnunin telur mikilvægt að Laxar fiskeldi ehf. standi við þau áform að hvíla hvert eldissvæði í eitt ár á nokkurra ára fresti og að kvíar verði jafnframt færðar til innan eldissvæða til að draga úr álagi og mögulegum óafturkræfum áhrifum á botndýralíf vegna ákomu fódurleifa á hafsbotn.

Skipulagsstofnun telur að vandað eftirlit, ásamt reglubundinni vöktun á lífríki, sé best til þess fallið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum fyrirhugaðs laxeldis. Mikilvægt er að fyrirbyggja að eldisfiskur sleppi úr kvíum og fylgst verði með þróun botndýralífs á eldissvæðum svo og dreifingu mengunar eftir dýpi út frá þeim. Gott samráð verði haft við

Fiskistofu og Umhverfisstofnun um gerð og framkvæmd vöktunaráætlunar, sem m.a. taki á því hvað mælt verður, ásættanlegri tíðni vöktunar einstakra umhverfisþátta og reglulegum skilum á niðurstöðum vöktunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Laxar fiskeldis ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Laxar fiskeldis ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað 6.000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum Laxar fiskeldis ehf. í Reyðarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Laxar fiskeldi ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Tekið er undir ábendingu Fornleifaverndar ríkisins um að æskilegt sé að upplýsinga verði aflað um mögulegar fornleifar á sjávarbotni á eldissvæðum, t.d. með sönarmælingum úr báti. Skipulagsstofnun bendir á að mannvirki innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru, sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina, eru bundin ákvæðum skipulagslaga. Þá bendir Skipulagsstofnun á að samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 (7. mgr. 13. gr) þarf að leita umsagnar sveitarfélags þegar veita á leyfi til framkvæmda á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum.

Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Laxar fiskeldis ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæða, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta málsmeðferð skv. 6. gr. laganna

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. júlí 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson